Hagtíðindi
Statistical Series

Þjóðhagsreikningar
National accounts

2010:6 • 8. júní 2010

# Landsframleiðslan á 1. ársfjórðungi 2010

## *Quarterly national accounts, 1st quarter 2010*

*Samantekt*

**Landsframleiðsla er talin hafa aukist um 0,6% að raungildi frá 4. ársfjórðungi 2009 til 1. ársfjórðungs 2010. Á sama tíma jukust þjóðarútgjöld um 1,3%. Einkaneysla dróst saman um 0,6%, samneysla um 0,5% og fjárfesting dróst saman um 15,6% en sá samdráttur skýrist að mestu leyti af kaupum á skipum og flugvélum á 4. ársfjórðungi. Á sama tímabili dróst bæði út- og innflutningur saman, útflutningur um 3,6% og innflutningur um 3,3%. Þessar tölur eru árstíðaleiðréttar og miðast við vöxtinn milli ársfjórðunga, ekki ára. Samanburður við 1. ársfjórðung 2009, á landsframleiðslu án árstíðaleiðréttingar, sýnir samdrátt um 6,9% á milli tímabila.**

**Tafla 1. Yfirlitstafla**
*Table 1. Overview*

| | Verðlag ársins, millj. kr. *Current prices, million ISK* | Magnbreyting, % *Volume change, %* | Magnbreyting frá fyrra ársfj., %[1] *Volume change from previous quarter, %[1]* | |
|---|---|---|---|---|
| | 1. ársfj. *1st quarter* | 1. ársfj. *1st quarter* | 4. ársfj. *4th quarter* | 1. ársfj. *1st quarter* |
| Einkaneysla *Private final consumption* | 198.363 | -0,2 | 1,4 | -0,6 |
| Samneysla *Government final consumption* | 97.098 | -3,8 | -1,1 | -0,5 |
| Fjármunamyndun *Gross fixed capital formation* | 45.283 | 1,1 | 16,6 | -15,6 |
| Birgðabreytingar[2] *Changes in inventories[2]* | 10.558 | -0,6 | ... | ... |
| **Þjóðarútgjöld alls *Gross domestic final expenditure*** | **351.303** | **-2,0** | **2,7** | **1,3** |
| Útflutningur vöru og þjónustu *Exports of goods and services* | 196.599 | -9,4 | -1,9 | -3,6 |
| Innflutningur vöru og þjónustu *Imports of goods and services* | -169.702 | 1,5 | 1,5 | -3,3 |
| **Verg landsframleiðsla *GDP*** | **378.199** | **-6,9** | 0,7 | 0,6 |

[1] Árstíðaleiðrétt. *Seasonally adjusted.*

[2] Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*

Hagstofa Íslands

**Mynd 1. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu, árstíðaleiðrétt**
*Figure 1. Quarterly GDP volume growth, seasonally adjusted*




**Skýring** *Note*: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2008–2010. Raunbreytingar frá fyrri ársfjórðungi. *Preliminary figures 2008–2010. Change from the previous quarter.*

*Samdráttur í einkaneyslu*

Einkaneysla (árstíðaleiðrétt) er talin hafa dregist saman um 0,6% frá 4. ársfjórðungi 2009 til 1. ársfjórðungs í ár. Einkaneysla virðist hafa náð nokkru jafnvægi og á undanförnum ársfjórðungum hefur breyting einkaneyslu milli ársfjórðunga verið lítil sem engin, ýmist örlítil aukning eða óverulegur samdráttur. Sé miðað við sama ársfjórðung árið áður dróst óárstíðaleiðrétt einkaneysla saman um 0,2% sem er nánast sami samdráttur og var á milli 4. ársfjórðungs 2009 og 2008, 0,1%.

*Samdráttur í samneyslu.*

Samneysla (árstíðaleiðrétt) er talin hafa dregist saman um 0,5% frá 4. ársfjórðungi 2009 til 1. ársfjórðungs 2010 og er þetta fimmti ársfjórðungurinn í röð þar sem samneyslan dregst saman. Óárstíðaleiðréttar tölur í fjórðungnum sýna 3,8% samdrátt frá sama fjórðungi árið áður.

*Samdráttur í fjárfestingu*

Fjárfesting (árstíðaleiðrétt) dróst saman um 15,6% á 1. ársfjórðungi frá 4. ársfjórðungi 2009. Þyngst vegur fjárfesting atvinnuveganna en hún dróst saman um 22,8%. Skýrist sá samdráttur að mestu leyti af kaupum á skipum og flugvélum á 4. ársfjórðungi. Fjárfesting hins opinbera dróst einnig saman, um 4,3%, en aftur á móti jókst fjárfesting í íbúðarhúsnæði um 4,1%. Óárstíðaleiðréttar tölur sýna 1,1% aukningu fjárfestingar á 1. ársfjórðungi miðað við sama ársfjórðung árið 2009 sem skýrist af miklum samdrætti í flugvélasölu á 1. fjórðungi 2009.

*Þjóðarútgjöld aukast*

Birgðaskýrslur Hagstofunnar sýna að á 1. ársfjórðungi hafa birgðir aukist um rúma 10 milljarða á verðlagi ársins og munar þar mestu um auknar birgðir sjávarafurða. Þessi aukning í birgðum leiðir til þess að þrátt fyrir samdrátt í einkaneyslu, samneyslu og fjárfestingu hækka þjóðarútgjöld (árstíðaleiðrétt) nokkuð. Aukning þeirra er talin nema um 1,3% á 1. ársfjórðungi. Óárstíðaleiðréttar tölur sem bornar eru saman við samsvarandi tímabil á fyrra ári sýna 2% samdrátt þjóðarútgjalda.

*Útflutningur og innflutningur dregst saman*

Útflutningur (árstíðaleiðréttur) dróst saman um 3,6% frá 4. ársfjórðungi 2009 til 1. ársfjórðungs 2010. Mest munar þar um 8,8% samdrátt í þjónustuútflutningi en vöruútflutningur dróst einnig saman, um 1,1%. Innflutningur (árstíðaleiðréttur) dróst saman um 3,3% frá fyrri ársfjórðungi. Samdrátt í innflutningi má rekja til þess að vöruinnflutningur dróst saman um 7,4% en á móti kom að þjónustuinnflutningur óx um 4,9%.

Óárstíðaleiðréttar tölur sýna 9,4% samdrátt útflutnings og 1,5% aukningu innflutnings frá sama fjórðungi fyrra árs. Samdráttur í vöruútflutningi skýrist að mestu af miklum útflutningi flugvéla á 1. ársfjórðungi 2009.

**Mynd 2. Landsframleiðsla, breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs**
*Figure 2. GDP, volume changes on same quarter in the previous year*




**Skýring** *Note*: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2008–2010. *Preliminary figures 2008–2010.*

*Afgangur á vöru- og þjónustuviðskiptum*

Áfram var afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd þótt hann hafi minnkað nokkuð frá 4. ársfjórðungi 2009. Það olli því að landsframleiðsla (árstíðaleiðrétt) á 1. ársfjórðungi 2010, óx nokkru minna en þjóðarútgjöldin, eða um 0,6%. Samanburður við 1. ársfjórðung 2009, á landsframleiðslu án árstíðaleiðréttingar, sýnir samdrátt um 6,9%.

**Mynd 3. Hlutdeild í hagvexti, prósentustig**
*Figure 3. Contributions to growth, % points*




**Skýring** *Note*: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2008–2010. Breyting frá fyrra ársfjórðungi, árstíðaleiðrétt. *Preliminary figures 2008–2010. Change from previous quarter, seasonally adjusted.*

*Ný gögn um þjónustuviðskipti við útlönd*

Frá og með 1. ársfjórðungi 2009 eru tölur um þjónustuviðskipti við útlönd byggðar á gögnum sem Hagstofa Íslands safnar með beinum fyrirspurnum til fyrirtækja. Erfiðleikum er bundið að leggja mat á samanburðarhæfni þessara gagna fyrir árið

2009 við eldri tölur sem Seðlabankinn safnaði þar sem gagnasöfnun þessara tveggja aðila gat ekki farið fram samhliða, auk þess sem aðferðirnar eru að einhverju leyti ólíkar. Niðurstöður um þjónustuviðskiptin við útlönd og sérstaklega samanburður á niðurstöðum milli 2008 og 2009 eru því talsverðri óvissu háðar. Hagstofan mun birta þann 26. ágúst endurskoðaðar tölur um þjónustuviðskipti á árinu 2009 og í framhaldi af því standa vonir til að hægt verði að leggja betra mat á breytingu þjónustuviðskipta á milli 2008 og 2009.

*Alþjóðlegur samanburður*

Samanburður við nokkur helstu viðskiptalönd Íslands sýnir að í þeim flestum varð lítilsháttar vöxtur milli ársfjórðunga. Þannig varð til dæmis 0,8% vöxtur í Bandaríkjunum, 0,3% í Bretlandi og í 15 ríkjum Evrópusambandsins (EU-15). Mestur er vöxturinn í Svíþjóð og Japan, 1,4% og 1,2%.

**Mynd 4. Ársfjórðungslegur hagvöxtur í nokkrum löndum**
*Figure 4. Quarterly GDP volume growth in selected countries*




**Skýring** *Note*: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2008–2010. Árstíðaleiðrétt, raunbreyting frá fyrra ársfjórðungi. *Preliminary figures 2008–2010. Seasonally adjusted, change on the previous quarter.*

**Heimild** *Source*: Efnahags- og framfarastofnunin. *OECD.*

*FISIM (reiknuð bankaþjónusta)*

Líkt og við mat á landsframleiðslu undanfarna ársfjórðunga eru enn ekki tiltæk mikilvæg gögn um lánastofn innlána og útlána eftir ársfjórðungum frá og með 4. ársfjórðungi 2008. Að svo komnu máli er því enn byggt á lauslegum áætlunum en Seðlabankinn hefur nýlega birt bráðabirgðatölur sem sýna stöðutölur í árslok 2008 og 2009. Ekki eru tiltækar tölur eftir mánuðum frá september 2008 nema fyrir mjög afmarkaðan hluta lánakerfisins.

*Árstíðaleiðrétting*

Árstíðaleiðréttingar eru gerðar í samræmi við ráðleggingar vinnuhóps á vegum Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) og Seðlabanka Evrópusambandsins. Árstíðaleiðrétting summuliða (eins og þjóðarútgjalda og landsframleiðslu) er gerð með því að tengja saman árstíðaleiðrétta undirliði en ekki með því að leiðrétta viðkomandi heildarniðurstöður. Birtar eru á vefnum árstíðaleiðréttar tölur fyrir alla undirliði landsframleiðslunnar.

Hagstofan hefur endurskoðað þá aðferð sem beitt er við árstíðaleiðréttingu vöruútflutnings. Þessi endurskoðun leiðir til breytinga á áður birtum tölum um ársfjórðungslega þróun landsframleiðslunnar. Hagvöxtur á milli 3. og 4. ársfjórðungs 2009 er nú talinn hafa numið 0,7% í stað 3,3%. Endurskoðaðar tölur sýna einnig samfelldan samdrátt frá og með 4. ársfjórðungi 2008 til og með 3. ársfjórðungs

2009. Hagstofan mun áfram vinna að endurbótum á þeim aðferðum sem hún beitir við árstíðaleiðréttingu.

*Ítarleg sundurliðun er birt á vefnum*

Ítarlega sundurliðun á ársfjórðungsefninu er að finna á vef Hagstofunnar. Þar er fjárfesting eftir ársfjórðungum sundurliðuð í fjárfestingu atvinnuvega, íbúðarhúsnæði og starfsemi hins opinbera. Útflutningi og innflutningi er skipt upp í vörur og þjónustu. Á vefnum er einnig að finna allar fjárhæðir á keðjutengdu verðmæti þar sem árið 2000 er viðmiðunarár.

*Tölur um 2. ársfjórðung 2010 verða birtar í september*

Tölur um landsframleiðsluna á 2. ársfjórðungi 2010 verða birtar með sambærilegum hætti í Hagtíðindum 3. september 2010.

## English summary

**In real terms, seasonally adjusted GDP in the 1st quarter of 2010 increased by 0.6% from the previous quarter. Over the same period total domestic expenditure increased by 1.3%. Household final consumption decreased by 0.6% and government final consumption by 0.5%. Gross fixed capital formation decreased by 15.6%, mainly due to one-off investment in ships and aircraft on the 4th quarter of 2009. Exports fell by 3.6% and imports by 3.3% in the 1st quarter of 2010 as compared with the 4th quarter 2009. Non-seasonally adjusted figures indicate a decline in GDP by 6.9% and 2% fall in domestic expenditure in the quarter, when compared with same quarter of the previous year.**

**Statistics Iceland has revised the methods used for seasonally adjusting export of goods. This revision leads to changes in previously published GDP figures, the GDP growth between 3rd and 4th quarter of 2009 is now estimated as 0.7% instead of 3.3% as published in March.**

**National accounts for the 2nd quarter of 2010 will be published on the 3rd of September 2010.**

## Tafla 2. Landsframleiðsla eftir ársfjórðungum 2006–2010
*Table 2. Quarterly Gross Domestic Product (GDP) 2006–2010*

| | Einkaneysla *Household final consumption* | Samneysla *Government final consumption* | Fjármuna-myndun *Gross fixed capital formation* | Birgða-breytingar *Changes in inventory* | Þjóðar-útgjöld *National Expenditure* | Út-flutningur *Exports* | Inn-flutningur *Imports* | Verg lands-Framleiðsla *GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verðlag hvers árs, millj. kr.** | | | | | | | | |
| ***Million ISK at current prices*** | | | | | | | | |
| **2006** | **679.918** | **285.371** | **397.631** | **13.498** | **1.376.418** | **376.781** | **-584.622** | **1.168.577** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 160.500 | 68.829 | 87.004 | 3.686 | 320.019 | 78.335 | -124.039 | 274.315 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 175.492 | 71.325 | 96.252 | 792 | 343.861 | 103.429 | -157.082 | 290.207 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 167.480 | 72.102 | 101.737 | 6.765 | 348.084 | 104.646 | -151.612 | 301.118 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 176.446 | 73.114 | 112.638 | 2.255 | 364.454 | 90.372 | -151.889 | 302.937 |
| **2007** | **751.598** | **316.828** | **373.048** | **6.626** | **1.448.101** | **453.349** | **-592.932** | **1.308.518** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 170.343 | 77.398 | 81.748 | 1.546 | 331.036 | 110.048 | -133.969 | 307.114 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 190.712 | 79.308 | 97.128 | 1.100 | 368.248 | 107.207 | -148.994 | 326.461 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 188.878 | 79.432 | 106.626 | 4.089 | 379.025 | 107.187 | -147.863 | 338.349 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 201.666 | 80.690 | 87.545 | -109 | 369.792 | 128.907 | -162.105 | 336.594 |
| **2008[1]** | **789.537** | **367.309** | **359.637** | **3.255** | **1.519.738** | **657.840** | **-699.931** | **1.477.647** |
| 1. ársfj.[1] *1st quarter*[1] | 197.516 | 84.304 | 80.853 | 798 | 363.471 | 113.742 | -151.201 | 326.012 |
| 2. ársfj.[1] *2nd quarter*[1] | 206.512 | 90.317 | 85.647 | -6.749 | 375.728 | 175.407 | -187.033 | 364.101 |
| 3. ársfj.[1] *3rd quarter*[1] | 197.310 | 92.549 | 98.239 | 14.860 | 402.959 | 176.394 | -197.732 | 381.621 |
| 4. ársfj.[1] *4th quarter*[1] | 188.199 | 100.138 | 94.897 | -5.654 | 377.581 | 192.297 | -163.965 | 405.913 |
| **2009[1]** | **774.573** | **391.561** | **211.831** | **1.853** | **1.379.818** | **784.074** | **-663.731** | **1.500.162** |
| 1. ársfj.[1] *1st quarter*[1] | 181.645 | 96.706 | 39.734 | 11.505 | 329.590 | 167.135 | -143.473 | 353.252 |
| 2. ársfj.[1] *2nd quarter*[1] | 192.777 | 99.549 | 57.545 | -132 | 349.739 | 183.964 | -157.760 | 375.943 |
| 3. ársfj.[1] *3rd quarter*[1] | 193.517 | 96.083 | 54.926 | -4.264 | 340.263 | 227.976 | -185.883 | 382.356 |
| 4. ársfj.[1] *4th quarter*[1] | 206.634 | 99.223 | 59.625 | -5.256 | 360.227 | 205.000 | -176.615 | 388.611 |
| **2010[1]** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** |
| 1. ársfj.[1] *1st quarter*[1] | 198.363 | 97.098 | 45.283 | 10.558 | 351.303 | 196.599 | -169.702 | 378.199 |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 3. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2006–2010**
*Table 3. Annual GDP volume growth 2006–2010*

| | Einkaneysla *Household final consumption* | Samneysla *Government final consumption* | Fjármuna-myndun *Gross fixed capital formation* | Birgða-breytingar[1] *Changes in Inventory*[1] | Þjóðar-útgjöld *National Expenditure* | Út-flutningur *Exports* | Inn-flutningur *Imports* | Verg lands-Framleiðsla *GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Raunbreytingar frá sama tímabili árið áður, %** ***Volume change on the same quarter of the previous year, %*** | | | | | | | | |
| **2006** | **3,6** | **4,0** | **22,4** | **1,1** | **9,5** | **-4,6** | **10,4** | **4,6** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 11,1 | 4,2 | 41,5 | -0,2 | 16,0 | 1,0 | 26,4 | 7,1 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 4,5 | 2,8 | 27,4 | 2,2 | 11,9 | -6,3 | 12,5 | 5,3 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | -0,1 | 4,2 | 8,2 | 1,0 | 3,9 | -5,8 | 0,2 | 2,4 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | -0,2 | 4,7 | 18,8 | 1,4 | 7,0 | -6,5 | 6,0 | 3,9 |
| **2007** | **5,6** | **4,1** | **-11,1** | **-0,6** | **-0,1** | **17,7** | **-0,7** | **6,0** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | -1,4 | 2,1 | -17,1 | -0,9 | -6,0 | 15,7 | -8,7 | 2,1 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 4,7 | 9,6 | -2,8 | 0,1 | 3,4 | 6,4 | -0,8 | 6,7 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 9,5 | 0,5 | 2,4 | -0,7 | 5,1 | 5,8 | 2,4 | 7,0 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 9,8 | 4,3 | -25,6 | -1,0 | -2,9 | 46,6 | 4,1 | 7,8 |
| **2008**[2] | **-7,9** | **4,6** | **-21,0** | **-0,4** | **-8,8** | **7,1** | **-18,2** | **1,0** |
| 1. ársfj.[2] *1st quarter*[2] | 7,9 | 6,3 | -7,1 | -0,3 | 3,6 | -0,4 | -0,7 | 4,0 |
| 2. ársfj.[2] *2nd quarter*[2] | -4,9 | 1,1 | -26,3 | -1,9 | -10,8 | 25,0 | -10,2 | 0,7 |
| 3. ársfj.[2] *3rd quarter*[2] | -10,2 | 5,4 | -26,2 | 1,6 | -10,1 | 18,3 | -11,7 | -0,2 |
| 4. ársfj.[2] *4th quarter*[2] | -22,4 | 5,7 | -21,6 | -1,0 | -16,8 | -11,0 | -46,6 | -0,4 |
| **2009**[2] | **-14,6** | **-3,0** | **-49,9** | **0,1** | **-20,1** | **6,2** | **-24,0** | **-6,5** |
| 1. ársfj.[2] *1st quarter*[2] | -22,9 | -0,5 | -60,9 | 3,3 | -24,0 | 18,7 | -33,8 | -3,2 |
| 2. ársfj.[2] *2nd quarter*[2] | -18,6 | -0,8 | -43,6 | 1,8 | -19,0 | -7,8 | -34,8 | -5,4 |
| 3. ársfj.[2] *3rd quarter*[2] | -14,4 | -4,5 | -52,0 | -4,8 | -24,7 | 11,0 | -25,2 | -8,1 |
| 4. ársfj.[2] *4th quarter*[2] | -0,1 | -5,9 | -42,0 | 0,5 | -11,6 | 5,9 | 10,2 | -9,1 |
| **2010**[2] | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** |
| 1. ársfj.[2] *1st quarter*[2] | -0,2 | -3,8 | 1,1 | -0,6 | -2,0 | -9,4 | 1,5 | -6,9 |

[1] Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu sama fjórðungs fyrra árs, keðjutengdu verðmæti, viðmiðunarár 2000. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP in the same quarter of the previous year, chain-volume measures, reference year 2000.*

[2] Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 4. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu 2006–2010, árstíðaleiðrétt**
*Table 4. Seasonally adjusted quarterly volume growth in GDP 2006–2010*

| | Einkaneysla *Household final consumption* | Samneysla *Government final consumption* | Fjármuna-myndun *Gross fixed capital formation* | Þjóðar-útgjöld *National Expenditure* | Út-flutningur *Exports* | Inn-Flutningur *Imports* | Verg lands-Framleiðsla *GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Raunbreyting frá fyrra ársfjórðungi, %** ***Percentage change on the previous quarter*** | | | | | | | |
| **2006** | | | | | | | |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 2,0 | 1,6 | 2,2 | 3,8 | -2,5 | 4,1 | 2,0 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | -0,9 | 0,6 | 2,9 | -0,5 | 0,1 | -3,3 | 1,1 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | -2,2 | 2,1 | 0,7 | 0,8 | 0,2 | -5,5 | 3,5 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 0,9 | -0,1 | 12,7 | 2,9 | -2,6 | 10,6 | -1,9 |
| **2007** | | | | | | | |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 0,7 | -0,2 | -27,1 | -8,2 | 14,6 | -9,5 | -0,6 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 5,6 | 7,0 | 18,3 | 8,9 | -0,2 | 4,7 | 7,6 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 2,2 | -5,0 | 4,5 | 2,3 | -2,4 | -2,6 | 2,9 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 0,7 | 2,1 | -19,2 | -6,0 | 25,0 | 13,7 | -4,6 |
| **2008**[1] | | | | | | | |
| 1. ársfj.[1] *1st quarter*[1] | -1,2 | 2,9 | -5,1 | -0,8 | -12,2 | -15,2 | 1,7 |
| 2. ársfj.[1] *2nd quarter*[1] | -6,2 | 0,6 | -6,8 | -6,4 | 13,1 | -4,4 | -0,4 |
| 3. ársfj.[1] *3rd quarter*[1] | -3,7 | 0,6 | -0,3 | 2,5 | -6,5 | -3,0 | 1,1 |
| 4. ársfj.[1] *4th quarter*[1] | -13,1 | 0,9 | -11,3 | -12,8 | -4,8 | -31,8 | -2,6 |
| **2009**[1] | | | | | | | |
| 1. ársfj.[1] *1st quarter*[1] | -1,8 | -2,0 | -47,7 | -8,3 | 15,0 | 5,0 | -0,6 |
| 2. ársfj.[1] *2nd quarter*[1] | -0,6 | -0,9 | 22,8 | -1,2 | -7,9 | -6,3 | -2,7 |
| 3. ársfj.[1] *3rd quarter*[1] | 1,1 | -2,2 | -22,9 | -5,0 | 5,5 | 10,3 | -5,4 |
| 4. ársfj.[1] *4th quarter*[1] | 1,4 | -1,1 | 16,6 | 2,7 | -1,9 | 1,5 | 0,7 |
| **2010**[1] | | | | | | | |
| 1. ársfj.[1] *1st quarter*[1] | -0,6 | -0,5 | -15,6 | 1,3 | -3,6 | -3,3 | 0,6 |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 5. Hlutdeild í hagvexti 2006–2010**
*Table 5. Contributions to growth 2006–2010*

| | Einkaneysla *Household final consumption* | Samneysla *Government final consumption* | Fjármuna- myndun *Gross fixed capital formation* | Birgða- breytingar *Changes in Inventor*[1] Birgða- | Út- flutningur *Exports* | Inn- flutningur *Imports* | Verg lands- Framleiðsla *GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hlutdeild í hagvexti frá fyrra ársfjórðungi, %** ***% points contributions to growth in GDP from previous quarter*** | | | | | | | |
| **2006** | | | | | | | |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 0,6 | 0,9 | -0,8 | 2,2 | -3,2 | 2,2 | 2,0 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | -0,6 | 0,1 | 0,9 | -1,1 | 0,0 | 1,6 | 1,1 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | -1,3 | 0,5 | 0,2 | 1,5 | 0,0 | 2,5 | 3,5 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 0,5 | -0,0 | 4,0 | -1,2 | -0,7 | -4,5 | -1,9 |
| **2007** | | | | | | | |
| 1. ársfj. *1st quarter* | -0,2 | -0,1 | -9,2 | -0,1 | 7,8 | 1,2 | -0,6 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 3,3 | 1,7 | 5,0 | -0,1 | -0,1 | -2,2 | 7,6 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 1,2 | -1,2 | 1,4 | 1,2 | -0,8 | 1,2 | 2,9 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 0,4 | 0,5 | -5,9 | -1,6 | 8,0 | -5,9 | -4,6 |
| **2008**[1] | | | | | | | |
| 1. ársfj.[1] *1st quarter*[1] | -1,3 | 0,9 | -1,4 | 0,4 | -6,3 | 9,3 | 1,7 |
| 2. ársfj.[1] *2nd quarter*[1] | -3,6 | 0,1 | -1,6 | -1,7 | 4,6 | 1,8 | -0,4 |
| 3. ársfj.[1] *3rd quarter*[1] | -2,0 | 0,1 | -0,1 | 4,4 | -2,6 | 1,2 | 1,1 |
| 4. ársfj.[1] *4th quarter*[1] | -6,8 | 0,2 | -2,5 | -3,9 | -1,8 | 12,2 | -2,6 |
| **2009**[1] | | | | | | | |
| 1. ársfj.[1] *1st quarter*[1] | 0,0 | -0,7 | -8,7 | 4,3 | 14,1 | -9,5 | -0,6 |
| 2. ársfj.[1] *2nd quarter*[1] | -0,3 | -0,2 | 2,7 | -3,2 | -4,0 | 2,3 | -2,7 |
| 3. ársfj.[1] *3rd quarter*[1] | 0,5 | -0,6 | -3,4 | -1,0 | 2,6 | -3,6 | -5,4 |
| 4. ársfj.[1] *4th quarter*[1] | 0,7 | -0,3 | 2,0 | -0,0 | -1,0 | -0,6 | 0,7 |
| **2010**[1] | | | | | | | |
| 1. ársfj.[1] *1st quarter*[1] | 2,7 | 0,2 | -1,2 | 3,7 | -0,2 | -4,7 | 0,6 |

**Skýring** *Note*: Miðað er við árstíðaleiðréttar tölur. *Calculated from seasonally adjusted series.*

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 6. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2006–2010, árstíðaleiðrétt**
*Table 6. Seasonally adjusted annual GDP volume growth 2006–2010*

| | Einkaneysla *Household final consumption* | Samneysla *Government final consumption* | Fjármuna-myndun *Gross fixed capital formation* | Þjóðar-útgjöld *National Expenditure* | Út-flutningur *Exports* | Inn-Flutningur *Imports* | Verg lands-Framleiðsla *GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Raunbreyting frá sama tímabili árið áður, %** ***Volume change on the same quarter of the previous year, %*** | | | | | | | |
| **2006** | **3,6** | **4,0** | **22,4** | **9,5** | **-4,6** | **10,4** | **4,6** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 10,9 | 4,3 | 38,3 | 15,2 | -2,3 | 25,9 | 5,0 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 4,3 | 2,7 | 27,4 | 11,9 | -9,2 | 12,8 | 4,1 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 0,2 | 4,7 | 9,2 | 4,3 | -1,7 | -0,1 | 4,6 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | -0,3 | 4,3 | 19,3 | 7,2 | -4,8 | 5,3 | 4,7 |
| **2007** | **5,6** | **4,1** | **-11,1** | **-0,1** | **17,7** | **-0,7** | **6,0** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | -1,4 | 2,5 | -14,8 | -5,2 | 11,9 | -8,5 | 2,1 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 5,1 | 9,0 | -2,1 | 3,7 | 11,5 | -1,0 | 8,7 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 9,7 | 1,4 | 1,6 | 5,2 | 8,6 | 2,0 | 8,0 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 9,5 | 3,6 | -27,1 | -3,9 | 39,4 | 4,9 | 5,0 |
| **2008[1]** | **-7,9** | **4,6** | **-21,0** | **-8,8** | **7,1** | **-18,2** | **1,0** |
| 1. ársfj.[1] *1st quarter*[1] | 7,3 | 6,8 | -5,3 | 3,9 | 6,9 | -1,7 | 7,4 |
| 2. ársfj.[1] *2nd quarter*[1] | -4,7 | 0,4 | -25,4 | -10,8 | 21,2 | -10,2 | -0,6 |
| 3. ársfj.[1] *3rd quarter*[1] | -10,2 | 6,3 | -28,8 | -10,6 | 16,2 | -10,6 | -2,3 |
| 4. ársfj.[1] *4th quarter*[1] | -22,5 | 5,0 | -21,8 | -17,1 | -11,5 | -46,4 | -0,2 |
| **2009[1]** | **-14,6** | **-3,0** | **-49,9** | **-20,1** | **6,2** | **-24,0** | **-6,5** |
| 1. ársfj.[1] *1st quarter*[1] | -23,0 | -0,0 | -56,9 | -23,3 | 15,9 | -33,6 | -2,5 |
| 2. ársfj.[1] *2nd quarter*[1] | -18,3 | -1,5 | -43,2 | -19,1 | -5,6 | -34,9 | -4,7 |
| 3. ársfj.[1] *3rd quarter*[1] | -14,2 | -4,2 | -56,0 | -25,0 | 6,4 | -26,0 | -10,9 |
| 4. ársfj.[1] *4th quarter*[1] | 0,1 | -6,1 | -42,2 | -11,7 | 9,6 | 10,2 | -7,9 |
| **2010[1]** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** | **…** |
| 1. ársfj.[1] *1st quarter*[1] | 1,4 | -4,6 | -6,7 | -2,4 | -8,1 | 1,5 | -6,8 |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Hagtíðindi
Statistical Series

**Þjóðhagsreikningar**
***National accounts***

95. árg. • 42. tbl.
2010:6

ISSN 0019-1078
ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Stefán Þór Jansen • Stefan.Jansen@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*